

Skólareglur Hlíðaskóla

- Nemendum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir og hafa meðferðis viðeigandi námsgögn.
- Nemendum ber að ganga vel um skólann og sýna starfsfólki öðrum nemendum tillitssemi og kurteisi.
- Nemendur og forráðamenn þeirra eru ábyrgir fyrir þeim skemmdum sem nemendur kunna að valda á eigum skólans.
- Notkun hjóla, hlaupahjóla, hjólabretta, hjóla- eða línuskauta og annarra farartækja er ekki leyfð á leiksvæði skólans á skólatíma.
- Reykingar, rafrettur, nikótínþúðar sem og notkun, meðferð eða varsla hvers kyns vímuefna er bönnuð í skólanum, á skólalóðinni og hvar sem nemendur eru á vegum skólans.
- Ekki leyfilegt að koma með sælgæti og gosdrykki í skólann nema með sérstöku leyfi kennara.
- Notkun snjalltækja eingöngu í námi undir leiðsögn kennara.
- Hlíðaskóli er símalaus skóli. Nemendum er ekki heimilt að nota síma á skólatíma nema með sérstöku leyfi kennara. Ef nemendur eru með síma í skólanum á hann að vera í skólatösku nemenda. Sama á við um heyrnartól, „airpods“, „buds“ og önnur snjalltæki.
- Mynd- og hljóðupptökur eru aðeins leyfðar í skólahúsnæði og á skólalóð Hlíðaskóla á skólatíma með leyfi kennara og/eða stjórnenda skólans. Leita þarf samþykkis þeirra sem teknar eru mynd- og hljóðupptökur af. Myndir eða myndskleið sem tekin eru af nemendum eða starfsmönnum skólans er óheimilt að birta á netinu eða dreifa á annan hátt án leyfis viðkomandi.
- Nemendur í 1. – 7. bekk eiga að vera úti í frímínútum nema veikindi eða veður hamli útivist. Nemendur eiga að vera á skólalóð á skólatíma.
- Nemendur eiga ekki að skilja verðmæti eftir í fötum sínum, á göngum eða í búningasklefum. Skólinn ber ekki ábyrgð á munum nemenda. Nemendum ber að taka skóla- og íþróttatöskur með sér heim í lok hvers skóladags.